



121. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar fimmtudaginn, 28. apríl, 2005, kl. 17:30.

Formaður bæjarráðs, Ágúst Þór Bragason, setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fulltrúar USAH mæta á fundinn.
2. Skólastjóri grunnskóla mætir á fundinn.
3. Erindi frá samgöngunefnd.
4. Fundargerð Heilbrigðisnefndar NV.
5. Fundarboð Héraðsnefndar A-Hún.
6. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Fulltrúar USAH mæta á fundinn.

Mættir á fund bæjarráðs eru Auðunn Steinn Sigurðsson, gjaldkeri USAH og Arnþór Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Fram kom í máli þeirra að USAH hefur hug á að sækja um að halda Unglingalandsmót UMFÍ 2007 á Blönduósi. Útskýrðu þeir hugmyndir og umfang mótsins fyrir fundarmönnum. Bæjarráð tekur jákvætt í að mótshald á Blönduósi árið 2007 verði skoðað nánar m.t.t. umfangs og kostnaðar.

Rætt var um samstarfssamning við USAH vegna fjölskylduhátíðarinnar "Matur og Menning".

Viku þeir af fundi að þessum lið loknum.

2. Skólastjóri grunnskóla mætir á fundinn.

Þórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri greindi frá því helsta í starfi grunnskólans í vetur. Rætt var m.a. um fjarnám og umfang prófa í skólanum, samræmd próf grunnskólabarna, Olweus verkefnið gegn einelti o.fl.

Skólastjóri vék af fundi að loknum þessum lið.

3. Erindi frá samgöngunefnd.

Fram lögð til kynningar tillaga um þingsályktun um samgönguáætlun 2005 - 2008.

4. Fundargerð Heilbrigðisnefndar NV.

Fundargerðin er frá 13. apríl sl. og er lögð fram til kynningar.

5. Fundarboð Héraðsnefndar A-Hún.

Fundur verður haldinn í Héraðsnefnd A-Hún. mánudaginn 2. maí nk. kl. 13:30 á Skagaströnd. Kjörnir fulltrúar ásamt bæjarstjóra sækja fundinn.



6. Önnur mál.

a. Aðalfundarboð Tækifæris hf.

Aðalfundur Tækifæris hf. verður haldinn 4. maí nk. á Akureyri.

c. Kaup á áhaldahúsi við Mýrarbraut.

Fyrir hönd Joel Pappírspokagerðar ehf, óskar Jóhann Evensen eftir því að festa kaup á "gamla" áhaldahúsi við Mýrarbraut. Bæjarstjóra falið að ræða nánar við bréfitara.

d. Erindi frá Krák ehf..

Fram lagt erindi Kráks ehf. þar sem óskað eftir því að Blönduósbær taki þátt í girðingu að hálfu á lóðamörkum Húnabrautar 4 og 6.

Bæjarráð hafnar erindinu.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:20.

*Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Valdimar Guðmannsson (sign.)*

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)